



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2020
Tilvísun: 2020030300/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að frumvarpi til laga um viðskiptaleyndarmál

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur(HER) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um viðskiptaleyndarmál, mál nr. 75/2020 í samráðsgátt. Frumvarpsdrögin fela m.a. í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/943/ESB frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmati öflun, notkun og birtingu þeirra. Auk innleiðingar á tilskipun felur drögin í sér ríkari refsivernd viðskiptaleyndarmála en í gildandi lögum og afnám stjórnsýslueftirlits með öflun, notkun og afhjúpun viðskiptaleyndarmála.

HER vill árétt að vegna eftirlits, t.d. með merkingum á innihaldsefnum matvæla er nauðsynlegt að fá upplýsingar sem gætu flokkast sem viðskiptaleyndarmál, s.s. uppskriftir. Slíkar merkingar varða almannaheill þar sem vara gæti innihaldið þekkta ofnæmis- eða óþolsvalda og því nauðsynlegt að varað sé við slíku á umbúðum. Heilbrigðiseftirlitið hefur ríkan rétt til að fá aðgang að upplýsingum sem nauðsynlegar vegna eftirlits og þann rétt má ekki skerða. Eins þarf HER að geta miðlað upplýsingum til almenningu s.s. ef vanmerkt vara er á markaði eða aðrar áriðandi tilkynningar þarf að gefa varðandi matvæli og aðrar vörur. Einnig ber HER að birta niðurstöður eftirlits og er það gert í dag í sérstakri vefgátt fyrir almenning. HER er bundið þagnarskyldu sem opinber eftirlitsaðili en nauðsynlegt er engu að síður að koma nauðsynlegum upplýsingum á framfæri og skýrt þarf að vera að lög um viðskiptaleyndarmál komi ekki í veg fyrir þann rétt.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Óskar Í. Sigurðsson
deildarstjóri matvælaeftirlits

